

---

## Urðunarstaður í landi Höskuldsstaða í Laxárdal, Dalabyggð Ákvörðun um matsskyldu

---

### INNGANGUR

Pann 16. desember 2013 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá Mannviti hf. f.h. Dalabyggðar um fyrirhugaðan urðunarstað Dalabyggðar í landi Höskuldsstaða í Laxárdal samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 og lið 11 b í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði álits Dalabyggðar, Heilbrigðiseftirlits Vesturlands, Minjastofnunar Íslands og Umhverfisstofnunar.

Umsagnir bárust frá Dalabyggð með bréfi dags. 19. desember 2013, Heilbrigðiseftirliti Vesturlands með tölvupósti dags. 15. janúar 2014, Minjastofnun Íslands með bréfi dags. 3. janúar 2014 og Umhverfisstofnun með bréfi dags. 13. janúar 2014.

Umsagnir gáfu ekki tilefni til efnislegra viðbragða frá framkvæmdaraðila.

### FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARAÐILA

**Fyrirhuguð framkvæmd.** Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að Dalabyggð hyggist taka í notkun nýjan urðunarstað fyrir meðhöndlun á allt að 500 tonnum á ári af óvirkum úrgangi frá Dalabyggð og nánasta umhverfi og urða hann í landi Höskuldsstaða við Laxárdalsveg skammt frá Búðardal. Fyrirhugaður urðunarstaður verði staðsettur í gamalli, frágenginni námu Vegagerðarinnar og beri svæðið merki fyrri landnotkunar; sé raskað og lítt eða ógróið að mestu. Svæðið sé hluti af stærri malahjöllum milli tveggja hálsa, Hjarðarholtsháls í norðri og Laxárdalsháls í suðri. Ljóst sé að við frágang námunnar hafi verið tekið tillit til landslags á svæðinu.

Í greinargerðinni kemur fram að Dalabyggð sé aðili að Sorpurðun Vesturlands hf. sem reki urðunarstað á Fíflholti á Mýrum í Borgarbyggð og sé allur úrgangur frá sveitarfélaginu flokkaður og sendur þangað. Við núverandi aðstæður sé ekki gert ráð fyrir förgun jarðefna og annars óvirks úrgangs í sveitarfélaginu en áður hafi Dalabyggð rekið urðunarstað fyrir slíkan úrgang í Búðardal en þeim stað hafi nú verið lokað. Árið 2009 hafi verið samþykkt í Dalabyggð að Gámaþjónusta Vesturlands myndi sjá um uppbyggingu endurvinnslustöðvar í Búðardal og sorphirðu og förgun úrgangs í Dalabyggð. Í endurvinnslustöðinni í Búðardal sé úrgangur flokkaður í viðeigandi úrgangsflokka og hann síðan fluttur til endurvinnslu eða förgunar eftir því sem við á.

Fram kemur að fyrirhugaður urðunarstaður muni eingöngu taka á móti óvirkum úrgangi eins og múrbroti, gleri og uppmokstri auk efnis sem hægt sé að sýna fram á að uppfylli skilyrði fyrir óvirkan úrgang. Urðunarstaðurinn sé um 1,5 hektari að stærð og verði afgirtur með lokuðu hliði. Rekstraraðili muni tryggja að engin spilliefni séu í þeim úrgangi sem tekið verði á móti til urðunar. Spilliefnum sem kunnir að berast rekstraraðila verði komið til viðurkenndrar spilliefnamóttöku. Á urðunarsvæðinu verði því ekki um önnur hættuleg efni að ræða en olíu á vinnuvélar. Hefðbundnar vinnuvélar á urðunarstöðum séu með um 100-400 lítra eldsneytistank. Á urðunarstaðnum verði ekki daglegur rekstur vinnuvéla heldur sé

notkun þeirra einungis um 1-2 dagar í mánuði. Því verði ekki um að ræða umtalsvert magn af olíu í umferð á svæðinu.

**Verklag við urðun í Laxárdal.** Fram kemur að gryfja fyrirhugaðs urðunarstaðar verði dýpkuð um 1 m til þess að auka nýtni svæðisins og þannig fáiist um 12.500 m<sup>3</sup> af uppgröfnu efni sem verði haugsett á svæðinu og nýtt í þekjulag og til frekari landmótunar. Gert sé ráð fyrir því að 50-60% uppgrafins efnis fari í þekjulag. Frá botni gryfju yrði urðað 1,5 m upp og svo sett 0,5 m þekjulag þar ofan á, samtals 2 m þykkt lag frá botni. Með þessu fyrirkomulagi muni landhæð í gryfjunni hækka um 1 m miðað við núverandi aðstæður þegar urðunarsvæðið verði full frágengið. Þó landhæð gryfjunnar hækki verði hún enn 1 m fyrir neðan núverandi yfirborð umhverfis gryfjuna og sjónræn áhrif því ekki mikil. Til þess að minnka enn sjónræn áhrif mætti nýta þann hluta uppgrafins efnis sem ekki fari í þekjulag til þess að móta t.d. 1 m háa mön umhverfis urðunarsvæðið.

Fram kemur að miðað við ofangreint verklag sé endingartími urðunarstaðarins áætlaður rúm 50 ár en hægt væri að dýpka gryfjuna og auka með því móti nýtni hennar enn frekar. Slíkt sé háð grunnvatnsstöðu.

**Áfangaskipting.** Í greinargerðinni er lagt til að urðunarsvæðinu verði skipt upp í sex álíka stór svæði sem hvert um sig verði 30 m langt. Breidd hvers svæðis verði mismunandi en botnbreidd gryfju verði á bilinu 66-80 m. Fram kemur að með þessu móti sé ávallt nægt athafnasvæði hvort heldur til haugsetningar á efni eða móttöku. Ekki sé þörf á vinnuvegum á urðunarsvæðinu. Endingartími hvers svæðis sé um 8-10 ár.

**Áhrif á vatn.** Fram kemur að sigvatn frá urðunarstaðnum muni berast með tímanum í grunnvatn á svæðinu. Ekki sé hins vegar um að ræða mengandi úrgang sem verði urðaður á svæðinu og séu því litlar líkur að grunnvatn mengist af völdum fyrirhugaðrar urðunar. Viðbragðsáætlun sem unnin verði í tengslum við starfsleyfisgerð staðarins miði að því að koma í veg fyrir og að lágmarka hugsanlega mengun, m.a. af vinnuvélum á urðunarstaðnum. Hætta á grunnvatnsmengun sé því talin í algjöru lágmarki fyrir urðunarstaðinn. Urðunarstaðurinn sé á milli tveggja lækja sem renna til Laxár í Dölum og muni þeir ekki verða fyrir raski og hvorki hugsanleg mengun frá vinnuvélum né af urðuninni sjálfri muni berast í yfirborðsvatn á svæðinu sé viðeigandi verklagi fylgt.

**Sjónræn áhrif.** Fram kemur að ákjósanlegt efni sé í námunni vegna tilfærslu efnis til haugsetningar og sem þekjuefnis fyrir urðunina. Umframefni verði haugsett í framhaldi af þeim halla sem nú þegar sé á svæðinu sem valdi því að ásarnir umhverfis staðinn hækki sem nemur um 1-2 metrum. Með þessu fyrirkomulagi verði ekki um stórvægilegar breytingar að ræða á nánasta umhverfi og athafnasvæðið verði minna áberandi fyrir vikið.

**Samræmi við skipulagsáætlanir.** Fram kemur að unnið sé að breytingu á aðalskipulagi sveitarfélagsins þar sem gert verði ráð fyrir urðunarsvæði í landi Höskuldsstaða. Jafnframt sé unnið að gerð deiliskipulags fyrir urðunarstaðinn sem verði auglýst samhliða breytingu á aðalskipulagi.

## ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG VIÐBRÖGÐ FRAMKVÆMDARAÐILA

**Almennt.** Fram kemur í umsögnum Dalabyggðar, Minjastofnunar Íslands og Heilbrigðiseftirliti Vesturlands það álit að fyrirhuguð framkvæmd skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Umhverfisstofnun telur ekki líklegt að framkvæmdin hafi í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif.

**Áhrif mengunar.** Umhverfisstofnun bendir á að ráðgert sé að ráðast í mælingar til að meta grunnástand við fyrirhugaðan urðunarstað og vöktun á rekstartíma urðunarstaðarins í samræmi við kröfur í reglugerð nr. 738/2000 um urðun. Um sé að ræða tiltölulega lítinn urðunarstað þar sem einungis óvirkur úrgangur verði urðaður í samræmi við fyrrnefnda reglugerð. Umhverfisáhrif urðunarinnar verði vöktuð.

**Áhrif á menningarminjar.** Minjastofnun Íslands minnir á að ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni sé skylt að ákveða svo fljótt sem auðið sé hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt sé að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.

## NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Um er að ræða nýjan urðunarstað Dalabyggðar í landi Höskuldsstaða í Laxárdal. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 11 b í 2. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b.

Skipulagsstofnun telur að í ljósi þess að um er að ræða lítið magn af óvirkum úrgangi á svæði sem er ekki viðkvæmt þá verði heildaráhrif framkvæmdarinnar óveruleg með tilliti til hættu á mengun grunnvatns og sjónrænna áhrifa.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu Mannvits hf. við tilkynningu og umsagnir um gögnin og framkvæmdina. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að nýr urðunarstaður Dalabyggðar í landi Höskuldsstaða í Laxárdal sé ekki líklegur til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háður mati á umhverfisáhrifum. Skipulagsstofnun byggir niðurstöðu sína á viðmiðunum í 3. viðauka við lög um mat á umhverfisáhrifum þar sem hvorki umfang framkvæmda, staðsetning þeirra né eiginleikar eru þess eðlis að þær séu líklegar til að hafa í för með sér umtalsverð neikvæð umhverfisáhrif.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdin er háð framkvæmdaleyfi Dalabyggðar skv. 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, sbr. reglugerð um framkvæmdaleyfi nr. 722/2012. Einnig starfsleyfi Umhverfisstofnunar skv. reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Áður en framkvæmdaleyfi er veitt þarf að liggja fyrir staðfest breyting á Aðalskipulagi Dalabyggðar 2004-2016 og samþykkt deiliskipulag fyrir starfsemina á svæðinu. Aðalskipulagsbreytingin er háð lögum nr. 105/2006 um umhverfismat áætlna.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 3. mars 2014.